

Til fjölmiðla

**Áfengi er engin venjuleg neysluvara
Setja þarf langtíma stefnu og aðgerðaáætlun í
áfengismálum**

NordAN (Nordic Alcohol and Drug Policy Network), sem er samstarfsvettvangur tæplega níutíu félagasamtaka á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum þremur, samþykkti á aðalfundi sínum sem haldinn var 22. október síðastliðinn ályktun þar sem minnt er á að áfengi sé engin venjuleg neysluvara. Neysla þess tengist sterklega alvarlegum vandamálum sem snúi bæði að einstaklingum og samfélögum. Jafnvel lítið magn áfengis virðist auka líkur á sumum krabbameinum og fjöldi barna sem fæðast sködduð vegna áfengisneyslu mæðra á meðgöngu virðist mun meiri en áður hefur verið talið (Fetal Alcohol Spectrum Disorder). Margir líði fyrir áfengisneyslu annarra, sem feli m.a. í sér samskiptaárekstra en einnig alvarlegri hluti s.s. sambúðarvanda, ofbeldi gagnvart börnum, afbrot, ofbeldi og manndráp.

Þessu verði að bregðast við með fjölþættum úrræðum og langtíma stefnumörkun líkri þeirri sem sett er fram í Evrópsku áfengisaðgerðaáætluninni 2006-2012 (European Alcohol strategy 2006-2012). Sú áætlun hefur verið mikilvæg hvatning aðildarþjóðum Evrópusambandsins til þess að bregðast við með lagasetningu og aðgerðaáætlunum. Aðalfundur NordAN 2011 hvetur ríkisstjórnir Evróuríkja til þess að endurnýja þessa aðgerðaáætlun sambandsins og setja fram nýja áætlun sem byggist á faglegri þekkingu og gagnreyndum leiðum.

Frekari upplýsingar veitir Árni Einarsson fulltrúi Íslands í stjórn NordAN í síma 861 1582. Einnig má hafa samband á netfangið arni@forvarnir.is